

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 978 — 553. mál.

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigðisar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir hafa starfað á verktakasamningum í ráðuneytinu á tímabilinu 1. maí 2011 til 20. janúar 2013?

Ráðuneytið hefur afmarkað fyrirspurnina og miðað við aðkeypta sérfræðipjónustu þar sem samningar hafa verið gerðir og að viðkomandi sérfræðingur/verktaki hafi haft starfsstöð í ráðuneytinu.

Í forsætisráðuneytinu hefur einn ráðgjafi á sviði efnahagsmála starfað samkvæmt samningi í ráðuneytinu tímabundið tvo mánuði á umræddu tímabili og að auki tveir sérfræðingar tímabundið í u.þ.b. þrjú mánuði við skráningu í geymsluskrá og pökkun skjala vegna nefndarstarfs til afhendingar Þjóðskjalasafni.

